



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um verkefnið Kveikjum neistann

Á fundi borgarráðs 18. ágúst 2022 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Flokkur fólksins leggur til að verkefnið Kveikjum Neistann verði innleitt í grunnskólum Reykjavíkur í samráði við skólasamfélagið þar sem það hefur sýnt einstaklega skýrt að það er að virka og er skemmst að vísa til reynslunnar í Vestmannaeyjum. Flokkur fólksins hefur lagt fram fyrirspurn um hvort skóla- og frístundasvið ætli ekki að innleiða verkefnið Kveikjum Neistann en fengið loðin svör s.s. að skóla- og frístundasvið hyggist skoða þetta verkefni. Flokki fólksins finnst þetta ekki nógu skýrt svar. Verkefninu er ætlað að efla skólastarf og bæta námsárangur. Verkefnið er 10 ára þróunar- og rannsóknarverkefni með heildstæða nálgun í skólastarfið. Áherslur verkefnisins snúa að læsi, stærðfræði, náttúrufræði, hreyfingu og hugarfari nemenda og tengjast þróun á kennsluháttum, kennsluefni og starfsþróun og ráðgjöf til kennara og skólastjórnenda.

Greinargerð fylgdi.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Margir áherslupættir verkefnisins Kveikjum neistann eru sambærilegir við þá sem flestir grunnskólar borgarinnar leggja áherslu á í yngstu bekkjum grunnskólans, s.s. tengsl hljóða og stafa, leiðsagnarnám, að gefa nemendum val um verkefni o.fl. Benda má á að Miðja máls og læsis (MML-<https://mml.reykjavik.is/>) á vegum skóla- og frístundasviðs hefur veitt kennurum í borginni fræðslu, öflugan stuðning og eftirfylgni varðandi kennslu í læsi, ekki hvað síst þeim kennurum sem sinna nemendum af erlendum uppruna.

Ekki er mælt með því að taka upp verkefnið Kveikjum neistann í grunnskólum Reykjavíkurborgar að svo stöddu. Kveikjum neistann hefur verið í gangi í einum grunnskóla á landinu í rúmt ár og því lítil reynsla komin á það. Ekki var tekin grunnstaða áður en að verkefnið hófst og rannsóknir á verkefninu á byrjunarstigi. Ástæða er til að fylgjast með framvindu verkefnisins og mögulegum árangri af þeim áherslupáttum sem lagðir eru til grundvallar til að meta hvort og þá hvaða þætti megi efla frekar í grunnskólum borgarinnar.

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 26. apríl 2022, var tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um þróunar- og rannsóknarverkefni í grunnskólum til að efla lestur og bæta líðan með áherslu á drengi vísað til meðferðar Miðju máls og læsis í tengslum við útfærslu á almennum aðgerðum menntastefnu. Þá var lagt fram ítarlegt minnisblað um stöðuna hjá



Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg varðandi læsi og hvaða verkefni eru í gangi og hvað hefur áunnist á síðustu árum. Minnisblaðið er hér meðfylgjandi.

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 22. mars 2022, var lagt fram svar sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins varðandi verkefnið Kveikjum neistann. Svarið er hér meðfylgjandi.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um þróunar- og rannsóknarverkefni í grunnskólum til að efla lestur og bæta líðan með áherslu á drengi.

Á fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 9. febrúar 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur samþykkir að farið verði í þróunar- og rannsóknarverkefni í grunnskólum borgarinnar til að efla lestur og bæta líðan barna með sérstaka áherslu á drengi. Um yrði að ræða sams konar þróunarverkefni og Vestmannaeyjabær hefur þegar ýtt úr vör þar sem megináherslan er á læsi, lestrarfærni, stærðfræði, náttúruvísindi og hreyfingu ásamt því að stundataflan er stokkuð upp. Helstu sérfræðingar á þessu sviði yrðu fengnir til að þróa og halda utan um verkefnið og veita faglega ráðgjöf til kennara og skólustjórnenda. Tveir eða fleiri skólar gætu tekið þátt í verkefninu og gætu þeir skólar sem áhuga hafa á að taka að sér þróunarverkefnið sótt um og yrðu þeir skólar sem verða fyrir valinu valdir af sérfræðingum. Skóla- og frístundasviði verði falið að undirbúa og móta þróunarverkefnið í samráði við sérfræðinga og færi verkefnið af stað haustið 2021. Niðurstöður kannana sýna að lestrarfærni hefur hrakað mikið síðasta áratuginn. Síðast þegar lagt var fyrir lesskimunarpróf í öðrum bekk árið 2019 kom í ljós að 35-40% reykvískra nemenda gátu ekki lesið sér til gagns. Það er jafnframt óásættanleg staðreynd að um 39% drengja geti ekki lesið sér til gagns við lok grunnskólans. Þessari stöðu verður að taka alvarlega því það er of seint að bregðast við í lok grunnskólans. Blása verður til sóknar til að snúa þessari óheillaþróun við. Þróunarverkefnið sem hér er lagt til að farið verði í gæti orðið mikilvægur liður í því. Tillagan sem hér er lögð fram er í framhaldi af tillögu okkar Sjálfstæðismanna í borgarstjórn frá 20. október á síðasta ári þar sem lagt var til að greina kynbundinn mun á námsárangri og fara í aðgerðir til að bæta stöðu drengja í skólakerfinu.

Í menntastefnu borgarinnar til 2030 og aðgerðum sem hafa verið skilgreindar til að framfylgja menntastefnunni eru nú þegar ýmis markmið og áherslur um að efla málþroska og læsi og læsi í víðu samhengi. Meðfylgjandi er yfirlit yfir helstu markmið og áhersluþætti á þessu sviði sem unnið hefur verið að í umsjón Miðju máls og læsis (MML) sem hefur á að skipa hæfum lestrarfræðingum, talmeinafræðingum, sérfræðingum í máltöku annars máls auk annarra sérfræðinga á sviði málþroska og læsis. Í starfi MML er lögð áhersla á að kynna fyrir kennurum og öðru fagfólki markvissar aðferðir sem rannsóknir sýna að skila árangri í skólasterfi.

Stefnur og áætlanir

Almennar aðgerðir menntastefnunnar 2019-2021

Málþroski og læsi

- Efla á málþroska, lestrarfærni og lesskilning allra barna m.a með ráðgjöf frá Miðju máls og læsis. Lögð verður áhersla á auka færni starfsmanna til að styðja við málþroska, lestrarfærni og lesskilning barna með sérstakri áherslu á markviss inngríp m.a. vegna barna með annað móðurmál en íslensku.



- Veita starfsfólki skóla- og frístundasviðs ríkari tækifæri til starfsþróunar og tryggja þeim markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Lögð verður áhersla á að efla samstarf við Menntavísindasvið HÍ og aðrar menntastofnanir sem koma að grunn- og símenntun starfsmanna skóla- og frístundasviðs. Þá verður unnið að því að hvetja og leiðbeina starfsstöðum við að sækja um fjármagn í innlenda og erlenda þróunarsjóði.

Almennar aðgerðir menntastefnunnar til 2022-2024

Læsi í víðu samhengi

- Efla á málþroska, læsi og lesskilning barna með fjölbreyttum aðferðum á vettvangi alls skóla- og frístundastarfs til að þorri barna hafi náð góðri læsisfærni í lok 1. bekkjar en þannig er lagður mikilvægur grunnur að árangursríkri menntun barna.
- Sérstök áhersla verður lögð á aukið samstarf við foreldra.
- Unnið verður með læsi í víðum skilningi og tryggt að börn fái tækifæri til að verða læs á sjálf sig, umhverfi sitt, samfélag og náttúru með áherslu á menntun til sjálfbærni.
- Miðja máls og læsis mun gegna lykilhlutverki með stuðningi við skóla- og frístundaskrifstofur í hverfum og alla starfsstaði í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Staðið verður fyrir fjölbreyttri starfsþróun og stuðningi við lærdómssamfélög verður fram haldið

Þróunar- og nýsköpunarsjóður

Margir grunnskólar borgarinnar eru að vinna að þróunar- og nýsköpunarverkefnum um læsi með styrkjum frá þróunar- og nýsköpunarsjóði menntastefnunnar. Upplýsingar um sjóðinn og styrkt verkefni má finna á vefsíðu menntastefnunnar: <https://menntastefna.is/throunarsjodur/>

Stefna um markviss vinnubrögð

Læsisstefna leiksskóla og skýrsla Fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings meðal barna og ungmenna í skólum Reykjavíkurborgar settu stefnu um markviss vinnubrögð með málþroska og læsi í skóla- og frístundastarfi. Þar er byggt á rannsókuðum leiðum sem skila árangri. Lögð er áhersla á raunþróaðar læsisleiðir og lestrarkennsluaðferðir, samræmd vinnubrögð, öflugan stuðning og starfsþróun fyrir starfsfólk skóla- og frístundasviðs, fræðslu fyrir foreldra og samstarf skóla, skólastiga og við foreldra.

Miðja máls og læsis

Miðja máls og læsis (MML) hóf starfsemi í ágúst 2016. Megin markmið og hlutverk hennar er að styðja við skóla- og frístundastarf með starfsþróun í formi námskeiða, vinnustofa, lærdómssamfélaga, handleiðslu, ráðgjafar og fræðsluerinda í tengslum við málþroska og læsi, auk þess að halda úti öflugri heimasíðu með efni sem nýtist starfsfólki í skóla- og frístundastarfi og foreldrum. Í rannsóknum má sjá mikla fylgni öflugrar starfsþróunar og námsárangurs. Miðja máls og læsis hefur haldið námskeið og vinnustofur fyrir tæplega 700 starfsmenn skóla- og frístundasviðs á ári síðustu tvö árin auk þess að halda fjölda fræðsluerinda og veita handleiðslu og ráðgjöf í flestum starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Miðja máls og læsis er leiðandi í íslensku skólasamfélagi varðandi starfsþróun og símenntun.

Niðurstöður nemenda í PISA og Læsissskimun í 2. bekk að vori

PISA

Niðurstöður nemenda í Reykjavík í síðustu PISA könnun er mun betri en niðurstöður alls landsins. Samkvæmt PISA niðurstöðum frá 2018 er þróun á Íslandi í PISA í nokkurri afturför, sérstaklega eftir PISA 2009. Ísland var 2018 með 474 stig. Aftur á móti er niðurstaðan sú að nemendur í Reykjavík eru á pari við meðaltal OECD landa með 489 stig en samkvæmt skýrslu OECD eru 487



stig meðaltalið. Í íslensku PISA skýrslunni segir „Líkt og í fyrri könnunum PISA er talsverður munur á frammistöðu í lesskilningi í PISA 2018 eftir landshlutum og nemendur í Reykjavík og nágrenni standa sterkast að vígi (Mynd 2.11, bls. 34). Í Reykjavík er hæsta hlutfall fagmenntaðra grunnskólakennara og má því ætla að það hafi m.a. áhrif. Í þessari skýrslu er ekki að finna niðurstöður eftir kyni fyrir landshluta og því ekki ljóst hver munur á drengjum og stúlkum í Reykjavík er. Á heimasíðu Menntamálastofnunar er að finna samantekt á helstu niðurstöðum PISA fyrir Ísland, sjá nánar: <https://mms.is/frettir/nidurstodur-pisa-2018-liggja-fyrir> og hlekk á skýrslu.

Lesskimun í 2.bekk

Síðast var lesskimunin Lesmál fyrir nemendur í 2. bekk lögð fyrir í apríl 2021. Þar er kannað hvort nemendur í 2. bekk ná aldurssvarandi færni í lestri. Um 78% stúlkna í búa, samkvæmt niðurstöðum, yfir aldurssvarandi hæfni í lestri og 72% drengja. Um 20% nemenda nær 91-100% árangri í prófinu og telst þessi hópur hafa náð mjög góðum tókum á lestrinum, 25% nemenda ná ekki 61% árangri á Lesmálsprófinu, sem er aldurssvarandi færni eru. Rúmum 4% af þeim hópi nær ekki 0-30% en þessi hópur þarf einstaklingsáætlun þar sem fram kemur skipulagt vinnulag byggt á gagnreyndum aðferðum sem fylgt er eftir þar til nemendurnir hafa sýnt árangur.

Áunnist hefur á síðustu árum eftirfarandi:

- Ný læsisstefna grunnskóla er í yfirlestri
- Í öllum leikskólum er unnið með bernskulæsi og unnið með málþroska og eflingu hljóðkerfisvitundar
- Í öllum grunnskólum er lestur kenndur eftir hljóðaaðferð
- Samræmd vinnubrögð eru varðandi mat á stöðu og framförum barna í Reykjavík
- Allir leikskólar leggja fyrir Hljóm-2. og nýta niðurstöður til hagsbóta fyrir leikskólabörn og skólustarf
- Allir grunnskólar leggja fyrir Lesferil, Lesmál, Stöðumat fyrir nýkomna nemendur og Milli mála og nýta niðurstöður til hagsbóta fyrir nemendur og skólustarf
- Mikill stuðningur er við starfsfólk leikskóla vegna vinnu með málþroska og læsi
- Mikill stuðningur er við kennara vegna læsis- og lestrarkennslu á öllum stigum grunnskólans
- Mikill stuðningur er við starfsfólk í leikskólum og frístundastarfi vegna vinnu með fjöltyngdum börnum
- Aukinn stuðningur er við kennara vegna kennslu fjöltyngdra nemenda í grunnskólum og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.
- Aukinn stuðningur er við starfsfólk frístundastarfs
- Aukin fræðsla og stuðningur er við ófagglært starfsfólk í leikskólum varðandi málþroska og læsi
- Boðið er upp á fræðslu fyrir foreldra af erlendum uppruna um íslenskt skólustarf, hlutverk þeirra sem skólaforeldri og um það hvernig þau geta stutt við börn sín í námi á nýju tungumáli
- Boðið er upp á fræðslu fyrir foreldra um það hvernig þau geta eflt orðaforða barna sinna og stutt heimalesturinn
- Íslenskuver, fyrir nemendur sem nýflutt eru til landsins og eru að hefja grunníslenskunám, hafa verið opnuð í tveim borgarhlutum og áætlun að opna tvö til viðbótar haustið 2022. Miðja máls og læsis veitir faglegan stuðning við kennara í íslenskuverum.

Áherslur Miðju máls og læsis varðandi vinnu með málþroska og læsi í skóla- og frístundastarfi sem eru komnar vel á veg en þó er enn unnið að. Eru eftirfarandi:

- Læsissteymi séu í öllum leik- og grunnskólum. Læsisáætlanir eru virkar í hverjum leik- og grunnskóla og frístundalæsi í frístundastarfi.
- Markviss vinnubrögð varðandi vinnu með læsi og lestrarkennslu er mótuð og fest í sessi í læsisáætlunum
- Áhersla er að í öllum leik- og grunnskólum er unnið með læsiskennsluaðferðir sem sýnt hefur verið með rannsóknum að skili árangri



- Áhersla er að í öllu frístundastarfi, bæði á frístundaheimilum og félagsmiðstöðum sé unnið markvisst með frístundalæsi.
- Markviss vinnubrögð samkvæmt hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar og stigskiptrar kennslu (e. response to intervention, RTI) sé í öllum leik- og grunnskólum.
- Markvisst sé unnið að eflingu orðaforða og lesskilnings í skóla- og frístundastarfi
- Markvisst sé unnið að eflingu orðaforða og læsi fjöltýngdra barna í skóla- og frístundastarfi
- Markvisst unnið að því að efla allt skólasamfélagið í fjölmeningarlegum starfsháttum
- Niðurstöðum úr Hljóm-2 sé skilað til grunnskóla og niðurstöðum Lesferlis, lesskimunar í 1. bekk að hausti sé skilað til leikskólans
- Áhersla er á að í öllum borgarhlutum sé formgert samstarf milli leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs varðandi læsi
- Markvisst unnið að því að efla alla foreldra í því að auka orðaforða barna sinna og kenna þeim leiðir sem styðja við samtal og heimalestur

Eins og fram kemur í svari sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 14. mars 2022 við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um innleiðingu verkefnisins Kveikjum neistann, sem lagt var fram á 228. fundi skóla- og frístundaráðs, eru margir áherslupættir verkefnisins sambærilegir við þá sem flestir grunnskólar borgarinnar leggja áherslu á í yngstu bekkjum grunnskólans. Þróunarverkefnið í Vestmannaeyjum er aðeins á sínu fyrsta starfsári og engar staðfestar niðurstöður enn verið birtar um árangur af því verkefni. Full ástæða er til að fylgjast með framvindu verkefnisins og mögulegum árangri af þeim áherslupáttum sem lagðir eru til grundvallar til að meta hvort og þá hvaða þætti megi efla frekar í grunnskólum borgarinnar.

Í minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 23. febrúar 2022 er varðar tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á kynbundnum mun á námsárangri í grunn- og leikskólum borgarinnar er gerð grein fyrir því hvaða rannsóknir hafa verið gerðar nýlega á kynbundnum námsárangri barna á leik- og grunnskólaaldri og að fáar íslenskar rannsóknir séu til um kynjamun á námsárangri og þær upplýsingar sem þó eru til eru byggðar á PISA, samræmdum prófum, Lesferli Menntamálastofnunar og Hljóm2 auk nokkurra meistaraþrófsverkefna. Minnisblaðið er meðfylgjandi.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á kynbundnum mun á námsárangri í grunn- og leikskólum borgarinnar

Á fundi borgarstjórnar 20. október 2020 var svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Borgarstjórn samþykkir að gerð verði úttekt á kynbundnum mun á námsárangri í grunn- og leikskólum borgarinnar. Skóla- og frístundasviði verði falið að vinna að úttekt í samstarfi við fræðimenn á þessu sviði og koma í framhaldi með tillögur til úrbóta. Í þessari vinnu verði ný menntastefna Reykjavíkurborgar höfð til hliðsjónar en þar segir að góð læsisfærni á íslensku sé „lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.“

Það er vissulega áhyggjuefni að hluti barna geti ekki lesið sér til gagns við lok grunnskólagöngu og ljóst er að aukinn stuðning þarf til að efla lestraráhuga og lestrarfærni. Rætt hefur verið um að námsstaða drengja sé verri en stúlkna og hafi farið versnandi undanfarin ár. Það er þó varhugavert að rýna í þessa stöðu án tenginga við aðra mikilvæga og samhangandi þætti. Þegar leitað er svara er mikilvægt að skoða samfélagsgerðina í heild og stöðu kynjanna í víðu samhengi.

Ef bæta á námsárangur drengja þá þarf að rýna í marga þætti á sama tíma. Hvernig félagslegt umhverfi þeirra er, hversu kynjað uppeldið er og menningin sem þeir alast upp við. Við verðum að vera meðvituð um þá sterku samkeppni sem tölvuleikir og samfélagsmiðlar veita bóklestri og að rafræn samskipti eru að verða algengari en bein mannleg samskipti.

Ekki virðist sem möguleikar til náms séu mismunandi hjá drengjum og stúlkum. Samkvæmt rannsóknum Jóhönnu T. Einarsdóttur og Þóru Másdóttur er enginn kynjamunur á málþroska 4-6 ára barna í leikskóla. Þetta er niðurstaða þeirra úr stöðlun málþroskaprófsins Málfærni eldri barna (MELB) þar sem þýðið var 800 börn (Jóhanna T. Einarsdóttir, prófessor HÍ, munnleg heimild, 1. okt. 2020). Kynjamunur kemur þó fram þegar ánægja af lestri er skoðuð og er mun að finna strax í 1. bekk (Skólalátturinn, 2020). Það ásamt mikilvægi bókaeignar á heimili bendir til þess að afstaða foreldra (og þá helst feðra) sé mjög mótandi fyrir afstöðu drengja til lestar (Kristján Ketill Stefánsson o.fl., 2019) og sú afstaða hefur áhrif á mögulegan árangur.

Drengir læra af viðbrögðum mikilvægra aðila í lífi þeirra (sérstaklega feðra), hvað er mikils metið og æskilegt. Viðbrögð feðra (og annarra mikilvægra) við frammistöðu sona sinna endurspeglast í afstöðu drengjanna sjálfra. Samstarf feðra og skóla virðist vannýttur möguleiki til að hafa áhrif á afstöðu drengja til frammistöðu í lestri (Kristján Ketill Stefánsson o.fl., 2019).


Samkvæmt PISA niðurstöðum frá 2018 er þróun á Íslandi í PISA í nokkurri afturför, sérstaklega eftir PISA 2009. Ísland var 2018 með 474 stig. Aftur á móti er niðurstaðan sú að nemendur í Reykjavík eru á pari við meðaltal OECD landa með 489 stig en samkvæmt skýrslu OECD eru 487 stig meðaltalið. Í íslensku PISA skýrslunni segir „Líkt og í fyrri könnunum PISA er talsverður



munur á frammistöðu í lesskilningi í PISA 2018 eftir landshlutum og nemendur í Reykjavík og nágrenni standa sterkast að vigi (Mynd 2.11, bls. 34). Í Reykjavík er hæsta hlutfall fagmenntaðra grunnskólakennara og má því ætla að það hafi m.a. áhrif. Í þessari skýrslu er ekki að finna niðurstöður eftir kyni fyrir landshluta og því ekki ljóst hver munur á drengjum og stúlkum í Reykjavík er.


Á heimasíðu Menntamálastofnunar er að finna samantekt á helstu niðurstöðum PISA fyrir Ísland, sjá nánar: <https://mms.is/frettir/nidurstodur-pisa-2018-liggja-fyrir> og hlekk á skýrslu Menntamálastofnunar um helstu niðurstöður er að finna hér: https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2018_helstu_island.pdf

Mynd 2.11. Meðalstig íslenskra nemenda í lesskilningi í PISA, eftir landshlutum



Mynd 2.11. Meðalstig íslenskra nemenda í lesskilningi í PISA, eftir landshlutum. Prihyrningar tákna að meðalstig í PISA 2018 í viðkomandi landshluta eru marktækt frábrugðin stigum þess í viðkomandi könnun. Feitletruð ártöl tákna að lesskilningur var aðalsvið PISA og skekkjumörk sýna staðalskekkju.

Mynd 4.6. Meðalstig íslenskra nemenda í læsi á náttúruvísindi í PISA, 2006–2018, eftir kyni




Mynd 4.6. Meðalstig íslenskra nemenda í læsi á náttúruvísindi í PISA 2006–2018, eftir kyni. Feitletruð ártöl tákna að viðkomandi svið var aðalsvið PISA og skekkjumörk sýna staðalskekkju. Upplýsingar um hvaða lönd liggja að baki meðaltölum OECD er að finna í inngangi (bls. 10).

Lesmál var lagt fyrir nemendur í 2. bekk í fyrsta sinn vorið 2021. Megin niðurstaða Lesmáls er að 894 nemendur af 1.200, eða tæp 75% nemenda, ná a.m.k. 61% árangri á prófinu. Þessir nemendur teljast því samkvæmt viðmiði vera með aldursvarandi færni í lestri. Nemendur sem ekki ná 61% árangri á lesmálsprófinu eru 306 eða rúm 25%. Af þessum hópi eru 257 eða rúm 21% allra þátttakenda, sem ná árangri á bilinu 31-60%. Þeir þurfa á tímabundnum sérstökum stuðningi að halda í lestri. Þá eru 49 nemendur eða rúm 4% sem ná 0-30% árangri. Þessi hópur þarf einstaklingsáætlun þar sem fram kemur skipulagt vinnulag byggt á gagnreyndum aðferðum sem fylgt er eftir, þar til nemandinn hefur sýnt árangur.




Dreifing nem. í mism. þrep eftir árangri í Lesmáli árið 2021.



Af nemendum sem þátt tóku í Lesmáli eru stúlkur 633 og drengir 527. Hlutfall stúlkna með aldursvarandi færni í lestri er um 78% árið 2021 en hjá drengjunum telur samskonar hópur 72%. Þetta má sjá á mynd fyrir neðan. Þá eru líka hlutfallslega fleiri drengir en stúlkur sem bæði þurfa tímabundinn sérstakan stuðning í lestri og einstaklingsáætlun.

Dreifing nemenda eftir árangri og kyni árið 2021:



Margt bendir til þess að skólakerfið hafi í upphafi verið byggt upp þannig að það hentaði fyrst og fremst börnum með ákveðna styrkleika s.s. að vera fljót að tileinka sér utanbókarlærdóm. Í dag erum við meðvitaðri um mikilvægi þess að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og leggja kennsluráðgjafar og mál- og læsissérfræðingar á skóla- og frístundasviði mikla áherslu á að kennsluhættir þurfi að byggja á aðferðum sem sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að beri árangur. Menntastefna Reykjavíkur og menntastefna menntamálaráðuneytisins leggja einnig mikla áherslu á að skapa tækifæri til að finna styrkleikum allra nemenda farveg.

Fáar íslenskar rannsóknir eru til um kynjamun á námsárangri og þær upplýsingar sem þó eru til eru byggðar á PISA, samræmdum prófum, Lesferli Menntamálastofnunar og Hljóm2. Nokkur meistaraverkefni á menntavísindasviði HÍ fjalla að einhverju marki um viðfangsefnið. Það að gera ítarlega úttekt á kynbundnum mun á námsárangri kynja í grunn- og leikskólum borgarinnar líkt og tillagan felur í sér er afar viðamikil verkefni. Rýna þarf bæði í erlendar og innlendar



rannsóknir, kalla eftir og vinna úr námsmati grunnskóla og þeim prófum og skimunum sem leikskólar leggja fyrir börn. Bera þarf saman niðurstöður nokkurra ára. Til þess að framkvæma þá rannsókn þarf fjármagn svo ráða megi starfsmann með tölfærðipækkingu, tímabundið í fullt starf. Viðfangsefnið er of viðamikilið til þess að hægt sé að bæta því við önnur verkefni starfsfólks á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Samtal þarf við háskólasamfélagið um rannsóknir á þessu sviði og vekja þarf áhuga meistarastigs- og doktorsnema á viðfangsefninu.

Til að hægt sé að bregðast við tillögunni þyrfti því eftirfarandi að eiga sér stað:

- Starfsmaður ráðinn tímabundið til eins árs í fullt starf til að gera umbeðna úttekt.
- Samtal við háskólasamfélagið um rannsóknir á því hvernig munur milli kynjanna birtist í námsárangri og námsframvindu og kostnaðarhlutdeild í utanumhaldi um verkefnið til amk þriggja ára.



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um innleiðingu verkefnisins Kveikjum neistann

Á fundi borgarráðs sem haldinn var 25. febrúar 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Í Vestmannaeyjum er verkefni í gangi sem heitir Kveikjum neistann! Verkefninu er ætlað að efla skólastarf og bæta námsárangur. Verkefnið er 10 ára þróunar og rannsóknarverkefni með heildstæða nálgun í skólastarfið. Áherslur verkefnisins snúa að læsi, stærðfræði, náttúrufræði, hreyfingu og hugarfari nemenda og tengjast þróun á kennsluháttum, kennsluefni og starfsþróun og ráðgjöf til kennara og skólastjórnenda. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort skóla- og frístundasvið hafi skoðað þetta verkefni með tilliti til mögulegrar innleiðingar á því í grunnskólum Reykjavíkur. Markmið verkefnisins er sannarlega metnaðarfullt.

Svar:

Fagskrifstofa grunnskóla á skrifstofu skóla- og frístundasviðs hefur kynnt sér þær upplýsingar sem liggja fyrir um verkefnið *Kveikjum neistann!* Um er að ræða þróunar- og rannsóknarverkefni í Grunnskólanum í Vestmannaeyjum með það að markmiði að efla læsi og bæta líðan nemenda. Verkefnið byggir m.a. á kenningum um þróun, nám, markvissa þjálfun, flæði og ástríðu, þrautseigju og gróskuhugarfar. Verkefnið miðar að því að fylgja nemendum eftir frá upphafi grunnskólagöngu þeirra frá hausti 2021 og til loka hennar, alls í tíu ár. Samstarfsaðilar eru Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Vestmannaeyjabær, Háskóli Íslands og Samtök atvinnulífsins. Sérstakt menntarannsóknasetur hefur verið sett á laggirnar í Vestmannaeyjum sem annast undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Aðilar tengdir Samtökum atvinnulífsins leggja verkefninu lið með því að styrkja tvær 20% stöður gestaprófessora við rannsóknasetrið sem skipulagt verður í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Markmið verkefnisins eru m.a. að:

- 80% nemenda séu læsir við lok 2. bekkjar og að allir nemendur fái markvissa þjálfun í lesskilningi alla grunnskólagönguna.
- Að nemendur fá þjálfun sem stuðlar að framúrskarandi færni í skapandi skrifum og framsögn.
- Að nemendur öðlist ástríðu fyrir náttúru- og umhverfisfræði.
- Að nemendur bæti hreyfifærni, hreysti og einbeitingu sína.

Byrjað var með verkefnið í 1. bekk haustið 2021 sem síðan verður fylgt áfram alla grunnskólagönguna. Helstu breytingar á stundaskrá 1. bekkjar frá því sem hefð er fyrir eru m.a. að



hreyfing er á dagskrá í byrjun hvers dags, þjálfunartímar 1x á dag og s.k. „ástríðutímar“ í lok dags.

Sérstök áhersla er á læsi þar sem markmiðið er að 80% nemenda verði læsir við lok 2. bekkjar. Hægt er á bókstafa- og hljóðainnlögn í 1. bekk en allir nemendur fá áskoranir miðað við færni. Bókstafa- og hljóðakönnun er lögð fyrir í 1. bekk í byrjun skólaárs, nemendum skipt í lestrarhópa, lesskimanir notaðar til að fylgjast með stöðu og framförum nemenda í lestri og áhersla á gott flæði í lestri og lesskilningi. Áhersla er á aukna ánægju af lestri, bækur að eigin vali hafa verið flokkaðar og litamerktar.

Í *stærðfræði* er áhersla á góðan grunn í tölum og talnafærni. Hverjum og einum mætt á þeim stað sem þeir eru í sínum námsferli. Í þróun er stöðumat, m.a. stöðumat sem verður notað í 1. bekk að vori.

Svokallaðir *þjálfunartímar* eru á dagskrá einu sinni á dag. Viðbótarkennari kemur til samstarfs við kennarateymið í 1. bekk. Ýmist er unnið með lestrar- eða stærðfræðiverkefni í getuskiptum hópum, þvert á árgang til að fylgja því eftir að allir fái nám við sitt hæfi.

Ástríðutímar eru í lok dags en markmiðið með þeim er að nemendur þrói með sér áhuga eða ástríðu fyrir einhverju ákveðnu efni til að efla sérstaka færni. Nemendur velja að morgni hvað þeir vilja gera í lok dags – textíl, heimilisfræði, myndmennt, smíði og tónmennt.

Hreyfing; allir nemendur fá hreyfitíma í byrjun hvers skóladags. Íþróttakennarar meta stöðu nemenda, niðurstöður bornar saman við árangur í almennu námi ásamt líðan í skóla.

Markmiðið með *náttúrufræði* er að auka ánægju og áhuga á greininni. Kennarar skilgreina efnisþætti eftir árgöngum og stöðumat í 1. bekk var prufukeyrt sl. vor.

Með menntarannsókninni er gert ráð fyrir að þróa með nemendum *hugarfar vaxtar og grósku*, kynnast hugtökum sem byggja á vaxtarhugarfari, t.d. þrautseigju og að nemendur læri af mistökum sínum.

Samantekt:

Margir áherslupættir verkefnisins eru sambærilegir við þá sem flestir grunnskólar borgarinnar leggja áherslu á í yngstu bekkjum grunnskólans, s.s. tengsl hljóða og stafa, Leiðsagnarnámið, að gefa nemendum val um verkefni o.fl. Benda má á að Miðja máls og læsis (MML-<https://mml.reykjavik.is/>) á vegum skóla- og frístundasviðs hefur veitt kennurum í borginni fræðslu, öflugan stuðning og eftirfylgni varðandi kennslu í læsi, ekki hvað síst þeim kennurum sem sinna nemendum af erlendum uppruna.

Helsta nýbreytnin í verkefninu er m.a. fólgin í aukinni hreyfingu með hreyfitíma í upphafi dags og auknu vali í lok dags í list- og verkgreinum auk sérstakra þjálfunartíma á stundaskrá. Markvisst er fylgst með stöðu barna í íþróttum og hreyfingu og metin fylgni hennar við árangur í bóklegu námi. Samstarf er við Menntavísindasvið HÍ til að fylgjast með áhrifum inngripa á námsárangur nemenda.

Fyrstu niðurstöður verkefnisins sýna að 77% barna í 1. bekk Grunnskólans í Vestmannaeyjum geti lesið texta. Ástæða er til að fylgjast með framvindu verkefnisins og mögulegum árangri af þeim áherslupáttum sem lagðir eru til grundvallar til að meta hvort og þá hvaða þætti megi efla frekar í grunnskólum borgarinnar.



Reykjavíkurborg

Heimildir:

Kveikjum neistann. Hver er staðan? Fréttabréf Barnaskólans í Vestmannaeyjum, dags. 6.12.2021. <https://www.grv.is/static/files/ymislegt/kveikjum-neistann-1-.pdf>

Hermundur Sigurmundsson, *Kveikjum neistann! Árangur og líðan*. Erindi á Menntakviku 29. okt. 2021. <https://hi.cloud.panopto.eu/Panopto/Pages/Viewer.aspx?id=2df8124d-fc13-41e9-afed-adce00db0d42>